

Ed.

183. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

2. gr. laga nr. 11, 4. júní 1924, skal orða svo:

Umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur. Um fjárskil og bókhald skal umsjónarmaður fylgja reglum, er fjármálaráðuneytið setur. Fjármálaráðherra ákveður þóknun fyrir innheimtuna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er hentugra fyrirkomulag, að umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík hafi innheimtu legkaupsins á hendi heldur en það, sem nú er, að lögreglustjóri innheimti legkaupið.